

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 107/2013****2013/EES/67/06****frá 14. júní 2013****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/37/ESB frá 22. nóvember 2012 um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipanir ráðsins 66/401/EBE og 66/402/EBE að því er varðar skilyrðin sem fræ *Galega orientalis* Lam. þarf að uppfylla, hámarksþyngd framleiðslueininga fræs af tilteknum tegundum fóðurjurta og sýnastærð *Sorghum* spp⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/44/ESB frá 26. nóvember 2012 um breytingu á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipana ráðsins 2002/53/EB og 2002/55/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegunda⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði plantna. Ákvæði löggjafar um heilbrigði plantna skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði 1. hluta III. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (tilskipun ráðsins 66/401/EBE) og 3. lið (tilskipun ráðsins 66/402/EBE):
„– **32012 L 0037:** Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/37/ESB frá 22. nóvember 2012 (Stjtið. ESB L 325, 23.11.2012, bls. 13).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB) og 15. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/91/EB):
„– **32012 L 0044:** Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/44/ESB frá 26. nóvember 2012 (Stjtið. ESB L 327, 27.11.2012, bls. 37).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti tilskipana 2012/37/ESB og 2012/44/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 325, 23.11.2012, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 327, 27.11.2012, bls. 37.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.